

Reglur um niðurgreiðslu á garðslætti 2026 í Húnaþingi vestra

Reglur um niðurgreiðslur á garðslætti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra.

Niðurgreiðslan er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2024 samkvæmt skattframtali 2025, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur.

Hámark niðurgreiðslu er kr. 23.736, allt að kr. 5.934 fyrir hvern slátt, gegn framvísun reiknings fyrir garðslætti.

Tekjuviðmiðun:

Fyrir einstaklinga, með heildartekjur allt að kr. 5.670.000.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk, með heildartekjur allt að kr. 7.650.000.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Sé fasteign skráð með leyfi til heimagistingar fellur niðurgreiðsla niður.

Í tilfelli hjóna eða sambýlisfólks, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.

Samþykkt í byggðarráði 3. nóvember 2025

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2025